

Dæmi um umfjöllun í niðurstöðu- og umfjöllunarkafla í ritgerð

Eitt þemað sem við fundum í dæminu sem við notuðum til að æfa þemagreiningu var vinna. Niðurstöðukafla um það þema gæti litið svona út:

Vinna:

Í ljós kom að vinna hefur verið mjög mikill hluti af lífinu í sjávarþorpum á síðari hluta síðustu aldar, bæði vann móðir viðmælanda mikið og var á stundum í tveimur störfum á sama tíma og einnig byrjaði viðmælandi að vinna ungur og fór beint á vinnumarkað að loknum grunnskóla frekar en að fara í frekara nám. Ragnar: "Bara vinna. ... Maður var náttúrulega byrjaður að vinna mjög ungur. ... Held ég hafi verið byrjaður að gella upp úr tólf ára sko. ... svo var maður í frystihúsinu á sumrin ... og svo náttúrulega bara lá það beinast við eftir níunda að fara bara að vinna ... manni datt ekki einu sinni í hug að halda áfram í skóla."

(Sem sagt sagt frá niðurstöðunni og hún studd með beinni tilvitnun í viðmælanda).

Umfjöllunarkafla gæti þá litið svona út:

Harður raunveruleiki:

Mikill ójöfnuður hefur verið í gangi í sjávarþorpum á þessum tíma. Útgerðarmenn og verkafólk deildi ekki kjörum. Það hefur því ekki verið um margt annað að ræða fyrir ómenntað verkafólk, sérstaklega einstæðar mæður og börn þeirra, en að þola mikla vinnuhörku til að geta framfleytt sér og sínum. Fyrir börn láglaunafólks hefur framhaldsmenntun varla verið raunhæfur kostur, því á hverju átti þá að lifa á meðan. Þess í stað hefur verið nauðsynlegt að byrja að vinna ungur og fara snemma á vinnumarkað til að hafa til hnífs og skeiðar. Þessi nauðsyn virðist þá hafa smitast inn í menninguna á þann hátt að talið var sjálfsagt að fara beint að vinna eftir grunnskólagöngu en framhaldsmenntun var jafnvel litin hornauga.

(þ.e. í umfjöllunarkafla er fjallað um niðurstöðuna og velt fram ástæðum fyrir henni).